

# Yfirlýsing

Foreldraráðs Brákarborgar fyrir hönd foreldra leikskólans vegna verkfalls félagsmanna Eflingar

Síðustu vikur er búið að ríkja verkfall sem hefur haft gríðarleg áhrif á starfsemi leikskólans og börnin okkar. Í gær var fyrsti dagurinn í ótímabundnu verkfalli félagsmanna Eflingar sem starfa hjá Reykjavíkurborg. Ekki nóg með að það hafi áhrif á atvinnulífið, þetta hefur líka mikil áhrif á starfsfólk og fjölskyldur með börn í leikskóla.

Foreldraráðið stendur með starfsfólki leikskólans og skorar á Reykjavíkurborg og Eflingu að komast að samkomulagi sem fyrst, finna góða lausn og leysa þann hnút sem hefur lamað samfélagið okkar í Reykjavík.

Foreldraráð Brákarborgar,

Cecilie Gaihede

Aldís Guðbrandsdóttir

Apríl Sól Salómons dóttir

